



## Fundur háskólaráðs 25. október 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 23.10.2001 08:19:55

Dags: 25.10.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

17/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 25. október var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

### 1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Sjónarmið háskólaráðs um endurskoðun launakjara prófessora, sbr. bréf kjaranefndar, dags. 3. október 2001. Umsagnir fjármálanefndar og samráðsnefndar um kjaramál lagðar fram. – Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá umsögn í samráði við varaformann háskólaráðs og Sigríði Ólafsdóttur.
- 1.2 Inntökupróf í læknadeild. – Samþykkt samhljóða að fresta málinu.
- 1.3 Kjör eins fulltrúa til viðbótar í bygginganefnd Náttúrufræðahúss. Lagt fram bréf frá Brynjólfi Sigurðssyni dags. 23. október sl., þar sem óskað er eftir að Örn Helgason verði skipaður í bygginganefnd Náttúrufræðahúss. – Samþykkt með fjórum atkvæðum en tveir voru á móti.
- 1.4 Lagðar fram reglur læknadeildar Háskóla Íslands um valnefndir. – Reglurnar samþykktar einróma.

### 2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram minnisblað um skipun öryggisnefndar Háskólans.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Stjórnunar- og aðstöðugjald. Tillaga formannanefndar.  
- Samþykkt einróma að vísa tillögunni til umsagnar deildarforseta og forstöðumanna stofnana og til formannanefndarinnar til nánari skoðunar.
- 3.2 Reglur stofnana: Hugvísindastofnun, Viðskiptafræðistofnun, Verkfræðistofnun, Rannsóknastofa í kvennafræðum, Rannsóknþjónusta Háskólans, Umhverfisstofnun, Sjávarútvegsstofnun, Endurmenntunarstofnun, reglur um endurmenntun á vegum deilda.  
Reglur um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. – Samþykktar einróma.  
Reglur um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. – Samþykktar einróma.  
Reglur um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. – Samþykktar einróma.  
Reglur um Rannsóknastofu í kvennafræðum. – Samþykktar einróma.  
Reglur um Rannsóknþjónustu Háskólans. – Samþykktar einróma með þeirri breytingu, að c-liður 8. gr. fellur út.  
Reglur um Umhverfisstofnun Háskóla Íslands og reglur um Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands. – Samþykktar einróma ásamt svohljóðandi bókun: „Innan tveggja ára fari fram formlegt mat á rekstri og starfsemi Umhverfisstofnunar og Sjávarútvegsstofnunar í samræmi við 26. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskólann. Við matið verði sérstaklega hugað að því, hvort þessar stofnanir skuli heyra undir háskóladeildir og hvort stefna beri að sameiningu þeirra.”

Reglur um Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands. – Samþykktar einróma.

Reglur um endurmenntun á vegum deilda Háskóla Íslands. – Samþykktar einróma.

- 3.3 Tengsl og samstarf við aðila á landsbyggðinni. Tillaga um form fræðasetra (lögð fram 16.10.2001). Málið var rætt ítarlega. – Samþykkt að fresta málinu.
- 3.4 Hlutastörf: framgangur. Tillaga að bókun háskólaráðs. Málið var rætt ítarlega. – Framlögð tillaga var samþykkt með fimm atkvæðum en einn var á móti.
- 3.5 Kærumál Ívars Péturs Guðnasonar. Drög að úrskurði háskólaráðs (lögð fram 16.10.2001).

Fyrir fundinum lá skrifleg tillaga að úrskurði í tilefni af stjórnsýslukæru Ívars Péturs Guðnasonar. Málið var rætt og á tillöggunni gerðar þær breytingar að tilmæli um upplýsingagjöf til kæranda voru tekin út úr úrskurðinum. Tillagan svo breytt var samþykkt með sjö atkvæðum, en Dagný Jónsdóttir sat hjá vegna starfa sinna á Réttindaskrifstofu stúdenta. Stefán Ólafsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Úrskurðarorð eru: „Staðfest er sú niðurstaða félagsvísindadeildar Háskóla Íslands að hafna umsókn Ívars Péturs Guðnasonar um fjarnám í kennslufræði til kennsluréttinda háskólaárið 2001-2002.”

Háskólaráð samþykkti að beina þeim tilmælum til félagsvísindadeildar að útbúa samantekt um samsetningu þess hóps sem aðgang fékk að námi í kennslufræði til kennsluréttinda haustið 2001, m.a. með tilliti til meðaleinkunnar úr háskólanámi aldri og kyni og láta hana Ívari Pétri Guðnasyni í té sem og öðrum þeim umsækjendum um nám í kennslufræði til kennsluréttinda, sem þess óska.

#### **4. Önnur mál**

##### **4.1 Málefni lagadeildar.**

Rektor greindi frá því að hann sat deildarfund í lagadeild ásamt framkvæmdastjórum stjórnsýslusviðs og rekstrar- og framkvæmdasviðs í gær, 24. október 2001. Á fundinum var rætt ítarlega um fjárhag og samkeppnisstöðu deildarinnar gagnvart öðrum skólum á háskólastigi um kennara, nemendur og fé.

##### **4.2 Fyrirspurn Baldvins Þórs Bergssonar.**

Baldvin Þór Bergsson lagði fram svohljóðandi fyrirspurn til rektors og Stefáns Ólafssonar:

„1. Hafði einhverjum fyrirtækjum verið boðið að leigja eða kaupa hluta af lóð Háskólans undir eigin starfsemi, áður en tillögur um Vísindagarða voru lagðar fram í háskólaráði?

Ef svarið er játandi, til hvaða fyrirtækja hafði verið leitað og hvað hafði þeim verið boðið?

2. Ef spurningu 1 er svarað játandi, hafa tilboð til þessara fyrirtækja breyst eftir að samþykkt var að hefja uppbyggingu Vísindagarða?

3. Hafa nöfn ákveðinna fyrirtækja verið notuð til að laða að önnur fyrirtæki eða stofnanir, án þess að viðkomandi fyrirtæki hafi samþykkt að koma inn á háskólasvæðið?

4. Til hvaða stofnana hefur verið leitað eftir að háskólaráð samþykkti að hefja uppbyggingu Vísindagarða og hver hafa viðbrögðin orðið?

(Hafa ber í huga að menntamálaráðherra hefur lítið að segja um stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti).

5. Til hvaða fyrirtækja hefur verið leitað eftir að háskólaráð samþykkti að hefja uppbyggingu Vísindagarða og hver hafa viðbrögðin orðið?

6. Hyggst rektor hefja umræðu um heildarskipulag háskólasvæðisins til a.m.k. 2050, eða verður áfram einblínt á lítil svæði og skammtímalausnir í húsæðisvandræðum

skólans?”

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 16.55